

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu flugatvika í almenningsflugi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„66g. **32003 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu flugatvika í almenningsflugi (Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/42/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbæti nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann